

Mánudaginn 22. september 1980.

Nr. 46/1980. **Ákærvaldið**
 (Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
 gegn
Viðari Björnssyni
 (Hilmar Ingimundarson hrl.).

Þjófnaður. Tilraun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Benedikt Sigurjónsson, Magnús P. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Samkvæmt áfrýjunarstefnu var máli þessu skotið til Hæstaréttar að ósk ákærða. Jafnframt var því áfrýjað af hálfu ákærvalds til þyngingar, en hér fyrir dómi krafðist ríkissaksóknari þess, að hinn áfrýjaði dómur yrði staðfestur.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn, þar á meðal nýtt sakavottorð ákærða.

Auk þeirra refsídóma, er getur í hinum áfrýjaða dómi, sætti ákærði áfellsdómi í sakadómi Keflavíkur 7. maí 1979 fyrir brot gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 vegna innbrots og þjófnaðar í verslun Kaupfélags Grundfirðinga 3. febrúar 1979. Ákærða var eigi gerð sérstök refsing vegna brots þessa, en hinn áfrýjaði dómur var kveðinn upp eftir að ákærði framdi það, sbr. 78. gr. nefndra laga. Þá var ákærði í sakadómi Keflavíkur hinn 16. júní 1980 dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. almennra hegningarlaga, er framið var 20. desember 1979.

Máli þessu hefur ekki verið áfrýjað að því er varðar Einar Júlíusson.

Ákæruliður I, 1. Hér fyrir dómi lýsti ríkissaksóknari yfir því, að fallið væri frá ákæru fyrir þjófnað á 10 gallafötum, 10 buxum og sloppi. Kemur því ekki til álita, hvort ákærði hafi gerst sekur um ófrjálsa töku þessara verðmæta. Sannað er með játningu ákærða og gögnum þeim, er í héraðsdómi

getur, að ákærði hefur gerst sekur um innbrot í verslunina Evubæ og þjófnað á öðrum þeim verðmætum, sem í ákærulið þessum greinir.

Ákæruliður I, 2 og 3. Með eigin játningu ákærða er sannað, að hann hefur framið brot þessi.

Ákæruliður I, 4. Af hálfu ákærvalds voru við flutning málsins fyrir Hæstarétti gerðar eftirfarandi breytingar á ákærulið þessum: Í stað „55 þúsund krónum“ komi „30—35 þúsund krónum“, í stað „66 morfinskömmtum“ komi „60 eða 66 morfinskömmtum“ og í stað „150 ópíumtöflum“ komi „100—150 ópíumtöflum“.

Samkvæmt upplýsingum Kjartans Jónssonar lyfjafræðings, er hann gaf lögreglumönnum 28. desember 1977, hurfu úr apótekinu við innbrot þar aðfaranótt 28. desember 1977 30.000 til 35.000 krónur í peningum, 80 ampúlur af morfíni, 150 töflur af ópíum og 30 töflur af amfetamíni.

Ákærði hefur viðurkennt innbrot þetta og að hafa ófrjálstri hendi tekið lyf þau, er í ákærulið þessum getur, og auk þess 42.000 til 52.000 krónur í peningum. Ákærða verður gerð refsing fyrir þjófnað þennan, þó svo, að eigi verður hann dæmdur fyrir að hafa slegið eign sinni á hærri fjárhæð en 35.000 kónur, eins og ákærulið þessum hefur verið breytt.

Ákæruliður I, 5. Af hálfu ákærvalds var ákærulið þessum breytt á þá leið, að í stað „2 flöskum“ komi „flösku“ og í stað „6 dósum“ komi „4 dósum“. Ákærði viðurkennir að hafa aðfaranótt þriðjudagsins 10. janúar 1978 brotist inn í Félagsbíó í Keflavík og tekið ófrjálstri hendi þar verðmæti þau, er undir ákærulið þessum getur. Verður ákærða dæmd refsing fyrir brot þetta með þeim breytingum, sem gerðar hafa verið varðandi þjófnaðarandlagið af hálfu ákærvalds.

Brot ákærða eru heimfærð til réttra refsíákvæða í ákæru og hinum áfrýjaða dómi.

Ákærði er síbrotamaður.

Refsingu hans ber að ákveða með vísun til 255. gr., sbr. 71. gr., 72. gr., 77. gr. og 78. gr. almennra hegningarlaga, en í sakadómi Reykjavíkur hinn 14. febrúar 1978 var ákærði dæmdur í þriggja mánaða fangelsi fyrir þjófnað, framinn 18.

janúar 1978. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin fangelsi 12 mánuði.

Ákærði greiði Aðalstöðinni h/f skaðabætur, 292.018 krónur, en kröfu þessa hefur hann viðurkennt. Vaxta hefur ekki verið krafist.

Dæma ber ákærða til að greiða allan sakarkostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum, samtals 275.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Viðar Björnsson, sæti fangelsi 12 mánuði.

Ákærði greiði Aðalstöðinni h/f, Keflavík, 292.018 krónur.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 200.000 krónur, og talsmannslaun skipaðs verjanda síns fyrir báðum dómum, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, samtals 275.000 krónur.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Keflavíkur 26. febrúar 1979.

Ár 1979, mánudaginn 26. febrúar, var í sakadómi Keflavíkur af Guðmundi Kristjánssyni fulltrúa kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 695/1978: Ákærvaldið gegn Viðari Björnssyni og Einari Júlíussyni.

Mál þetta, sem þingfest var 16. október sl. og dómtekið 19. þ. m., hefur ríkissaksóknari höfðað hér fyrir dóminum með ákæru, útgefinni 11. maí sl., á hendur „Viðari Björnssyni sjómanni, Kirkjuvegi 13, fæddum 24. ágúst 1948 í Reykjavík, og Einari Júlíussyni, Hringbraut 100, fæddum 22. apríl 1956 í Keflavík, báðum þar í bæ, fyrir eftirtalin brot, framin þar í bænum, svo sem rakið verður:

I. Þjófnaðarbrot ákærða Viðars.

- 1) Aðfaranótt laugardagsins 24. desember 1977 braust ákærði inn í verslunina Evubæ, Hafnargötu 34, og stal þar allt að 30

púsund krónum í peningum, 10 gallafötum, 10 buxum, 2 hettupeysum, 3 kjólum, blússu, 14 sokkabuxum, slopp, 17 buddum og veskjum og dálitlu af ódýru skartgripaglingri og snyrtivörum.

- 2) Aðfaranótt mánudagsins 26. sama mánaðar reyndi ákærði að brjótast inn í verslunina Stapafell, Hafnargötu 29, í því skyni að stela þar verðmætum.
- 3) Þessa sömu nótt braust ákærði inn í útibú Aðalstöðvarinnar, Hafnargötu 13 og stal þar 62 vindlingalengjum, 67 pökkum, kassa af happdrættismiðum Rauða Krossins, 2 kveikjurum, bunti af gúmvettlingum, 37 pökkum af tuggugúmi og 5 spólum af litfilmu auk þess sem ákærði drakk úr einni öflösku.
- 4) Aðfaranótt miðvikudagsins 28. sama mánaðar braust ákærði inn í Apótek Keflavíkur og stal þar 55 púsund krónum í peningum, 66 morfínkömmum, 30 amfetamíntöflum, 150 ópíumtöflum, 2 glösum af lyfinu „Marplan“, 1 glasi af svefntöflum, 2 glösum af lyfinu „Artan“, 200 libríumtöflum og skjalatösku.
- 5) Aðfaranótt þriðjudagsins 10. janúar 1978 braust ákærði inn í Félagsbíó, Túngötu 1, og stal þar 2 flöskum af vodka, 6 dós-um af bjór, spilastökk úr leðri og rafmótor.

Telst atferli ákærða í liðum 1 og 3—5 varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en í lið 2 við 244. gr., sbr. 20. gr. sömu laga.

II. Hylming ákærða Einars.

Ákærða er gefið að sök að hafa um áramótin 1977—1978 tekið að sér að geyma á heimili sínu að Hringbraut 100 megnið af þýfi því, sem talið er upp í liðum 1, 3 og 4 og begið úr því að gjöf fatnað, lyf og tóbak frá meðákærða Viðari.

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafist, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir skv. framburði ákærða Viðars og öðrum gögnum málsins.

I.

1) Laugardagsmorguninn 24. desember 1977 var lögreglunni tilkynnt, að brotist hefði verið inn í verslunina Evubæ, Hafnargötu 34 hér í bæ, og kvað verslunareigandinn, að sjáanlega hefði

verið stolið 40—60 þús. kr. í peningum og talsverðu magni af flauelsbuxum fyrir kvenfólk.

Við athugun lögreglunnar kom í ljós, að farið hafði verið inn um opnanlegan glugga á bakhlið verslunarinnar. Hafði lausafagið verið tekið úr, en það var úr krossviði.

Ákærði Viðar segist hafa verið þarna á ferð. Hafi hann komist inn í verslunina með því að losa tréhlera frá litlum glugga á jarðhæð með skrúfjárnri og sporjárnri. Hafi hann tekið kr. 30 þúsund í peningum, 7—10 galla- og flauelsbuxur, 2 prjónakjóra, 2 hettupeysur, 1 pils, 1 kvenslopp og eitthvað af ódýru skartgripa-glingri. Allt þetta setti hann í tvo pappakassa, sem hann bar heim til sín og setti í útigeymslu.

Tveim dögum síðar fór hann með þá til Grindavíkur og setti þá í geymslu hjá systur sinni, sem ekki vissi, hvað þeir höfðu að geyma. Stuttu eftir áramótin fékk hann síðan kunningja sinn, meðákærða Einar, til að koma með sér til Grindavíkur og sækja kassana, og voru þeir síðan geymdir á heimili Einars. Sagðist Viðar hafa sagt Einari, hvaðan innihald þeirra væri komið, og hafi Einar og eiginkona hans fengið nokkrar buxur og fleira úr þýfi þessu. Einnig kvaðst Viðar hafa selt þeim þrennar buxur og fleira úr þýfi þessu. Einnig kvaðst Viðar hafa selt þem þrennar buxur fyrir kr. 17.000.

Er mál þetta upplýstist, kom í leitirnar hluti þýfisins úr nefndri verslun, og var þar á meðal 14 pör af sokkabuxum, 17 peningabuddur og kvenveski, 4 glös af naglalakki o.fl., og auk þess hluti af því, sem ákærði hafði nefnt.

2) Mánudaginn 26. desember s. á., síðdegis, var lögreglunni tilkynnt um innbrot í verslunina Stapafell, Hafnargötu 29 hér í bæ. Tjáði verslunareigandinn lögreglumönnum, er komu á staðinn, að farið hefði verið inn um brotinn glugga á bakhlið verslunarinnar og hefðu steypujárnsteinar verið sagaðir í sundur. Ekki gat verslunareigandinn sagt til um, hverju eða hve miklu hefði verið stolið úr versluninni.

Ákærði Viðar viðurkenndi að hafa gert innbrotstilraun í verslun þessa aðfaranótt umrædds dags. Sagaði hann í sundur járnrimla með járnsög, en þar sem hún beit illa, gafst hann upp, áður en gatið var orðið það stórt, að hann kæmist þar í gegn.

3) Sama dag var lögreglunni tilkynnt um innbrot í útibú Aðalstöðvarinnar að Hafnargötu 13. Hafði verið farið inn í verslunina með því að brjóta tréhlera og glugga á bakhlið hússins og saga burtu járnrimla úr glugganum að hluta. Að sögn afgreiðslu-

stúlkna var eftirtalið horfið úr versluninni: 33 pakkar af Winston vindlingum, 33 Camel, 22 Viceroy, 11 Marlboro, 22 Kent, 1 Pall Mall og 3 Ronson kveikjarar. Á lagerinn vantaði 20 lengjur af Camel vindlingum, 30 af Winston, 3 vindlingakassa og 3 konfekt-kassa.

Ákærði Viðar var þarna á ferð. Kvaðst hann fyrst hafa losað tréhlera, sem þar var fyrir glugga, og síðan sagaði í sundur granna járnrimla, er þar voru fyrir innan.

Viðar kvaðst hafa tekið þarna 62 lengjur af vindlingum og 67 lausa pakka, 1 kassa af Rauða Kross happdrættismiðum, 2 Ronson kveikjara og eitt búnt af gúmmivettlingum. Einnig drakk hann úr einni öflösku þarna inni, en annað hafi hann ekki tekið. Þetta allt saman setti hann í pappakassa og plastpoka og bar heim til sín og setti í útigeymslu. Daginn eftir fór hann til kunningja síns, meðákærða Einars, og bað hann um að sækja þetta, sem hann og gerði. Kvaðst Viðar þá hafa sagt honum, hvaðan þetta væri fengið. Fór Einar með þetta upp á geymsluloft í íbúð sinni. Kvaðst Viðar hafa gefið honum nokkrar lengjur af vindlingum, en nokkrum dögum síðar hafi hann tekið 50 vindlingalengjur, pantað sér leigubifreið og farið til Reykjavíkur. Er þangað var komið, hafi hann sleppt bílnum, en tekið annan í þeim tilgangi að kaupa áfengisflösku, sem hann hafi síðan gert. Ók ökumaður leigubifreiðarinnar Viðari síðan aftur til Keflavíkur, þar sem hann keypti af honum 2 flöskur í viðbót. Sagðist Viðar hafa spurt bílstjórann, hvort hann gæti ekki tekið vindlingana upp í aksturinn og flöskurnar. Hafi bílstjórinn síðan tekið til sín nefndar 50 lengjur fyrir kr. 75 þúsund, en af því gengu kr. 25 þúsund upp í áfengisflöskurnar og aksturinn. Ekki er upplýst, hver bílstjórinn var.

Hluti þýfisins úr innbroti þessu komst til skila, og var þ. á m. 37 pakkar af tuggugúmmi og 5 pakkar af litfilmum, sem ljóst er, að Viðar hefur einnig stolið auk þess, sem áður er nefnt.

4) Miðvikudagsmorguninn 28. desember 1977 var lögreglunni tilkynnt um innbrot í Apótek Keflavíkur við Suðurgötu. Á staðnum hittu lögreglumenn fyrir Kjartan Jónsson lyfjafræðing, sem tjáði þeim, að horfið væri 30—35 þús. kr. í peningum úr peningakassa í afgreiðslusal, 80 ampúlur af morfíni, 150 töflur af ópíum og 30 töflur af amfetamíni úr geymslu á efri hæð apóteksins.

Rannsókn lögreglumannanna leiddi í ljós, að farið hafði verið inn um glugga í kjallara með því að taka úr rúðu og ýta til hliðar járnrimlum, sem festir voru í gluggakarminn að innanverðu.

Ákærði Viðar kveðst hafa framið innbrot þetta og þjófnað og

verið einn að verki. Sagðist hann hafa náð rúðunni úr með skrufjárnri og sporjárnri og síðan getað spyrnt jarnrimlunum inn. Er inn var komið, gat hann gengið hindrunarlaust um apótekið. Tók hann þar 60 eða 66 morfínampúlur, 30 ampfetamíntöflur og nokkur glös af opíumtöflum. Áleit hann, að töflufjöldinn hafi verið 100—150 stk. Einnig sagðist Viðar hafa tekið 20—30 þúsund krónur í seðlum og 22 þúsund í skiptimynt. Þá tók hann eitt glas af svefntöflum, 2 glös af Marplantöflum, 2 glös af Artantöflum og 200 librium töflur. Allt þetta setti hann í litla skjalatösku, sem hann tók þarna, og fór með út.

Viðar kvaðst síðan hafa farið heim til sín og sett töskuna í útigeymsluna, en farið með hana næsta dag og það, sem í henni var, til meðákærða Einars og sett hana í geymslu þar. Kvaðst hann hafa skipt töflunum nánast til helminga milli þeirra beggja svo og morfíninu.

5) Þriðjudaginn 10. janúar 1978 var lögreglunni tilkynnt um innbrot í Félagsbíó, Keflavík, nóttina áður, og hafði þá verið stolið einni flösku af áfengi og 4 dósam af bjór. Hafði verið farið inn í húsið um kjallarahurð á suðurgafli þess með þeim hætti að rjúfa lítið gat á hurðina, en þannig hafði verið hægt að teygja sig í smekklásinn að innanverðu og opna. Einhvers konar höggverkfæri virtist hafa verið notað við innbrot þetta.

Í lögregluskýrslu segir síðan, að innbrotsmaðurinn hafi farið upp á skrifstofuna á 2. hæð hússins og tekið þaðan eina áfengisflösku og fjórar bjórdósir. Einnig hafi verið drukkið úr einni bjórdós á staðnum, og virtist því sem innbrotsmaðurinn hefði verið einn á ferð. Síminn hafði verið slitinn úr sambandi, en aðrar skemmdir höfðu ekki verið unnar, svo séð væri, né annað tekið. Sá, sem þarna hafði verið að verki, hafði párað nokkur illa læsileg orð í minnisbók, sem þarna var á skrifstofunni, og tók lögreglan hana til athugunar.

Ákærði Viðar hefur viðurkennt að hafa framið innbrot þetta og notað til þess sams konar verkfæri og áður hafa verið nefnd. Inn í bíóinu kvaðst Viðar hafa fundið 2 flöskur af Vodka, 6 dósir af bjór, leðurkassa undan spilum, reykskynjara og lítinn bláan rafmótor. Hafi hann tekið þetta allt saman og farið með heim til sín.

Viðar kvaðst hafa neytt áfengisins sjálfur næstu daga á eftir. Jafnframt kvaðst hann hafa fest reykskynjarann upp á vegg á ganginum heima hjá sér og rafmótorinn á borðið í smíðakompu sinni. Leðurkassann hafi hann sett inn í glerskápinn í stofunni heima hjá sér.

Viðar kvaðst hafa skrifað orðsendingu til eigandans og skilið hana eftir á skrifborðinu inni í bíóinu.

Framangreind háttsemi ákærða Viðars varðar í öllum tilvikum við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Varðandi annan lið vísast þó í 20. gr. sömu laga, þar sem hér er um tilraunaverkn að að ræða. Er rétt fært til refsíákvæða í ákæru og atferli Viðars þar réttilega lýst, nema að því er varðar innbrotið í Evubæ. Þykir ekki sannað, að ákærði hafi bæði stolið 10 gallafötum og 10 buxum, heldur einungis 10 buxum.

II.

Áður er fram komið, að ákærði Einar tók að sér að geyma á heimili sínu hluta þýfisins skv. 1., 3. og 4. lið hér á undan. Hefur hann skýrt nánar frá atvikum á þá leið, að ákærði Viðar hafi komið heim til hans skömmu eftir jólin 1977 og sagt honum, að hann hefði brotist inn í verslunina Evubæ og í verslun Aðalstöðvarinnar. Á gamlársdag hafi Viðar aftur heimsótt Einar og sagt honum, að hann hefði brotist inn í Apótek Keflavíkur milli jóla og nýárs.

Einar kvað þá Viðar hafa farið til Grindavíkur fyrir gamlárskvöld að beiðni þess síðarnefnda. Fór Viðar inn á heimili systur sinnar og sótti þangað tvo pappakassa, og kvað Einar, að í kössum þessum hefði verið þýfi úr áðurnefndum innbrotum. Fóru þeir fyrst með kassa þessa heim til Viðars, þar sem hann tók ýmislegt úr þeim og setti í ferðatösku og muni hann hafa ætlað að eiga það sjálfur, að sögn Einars. Síðan fóru þeir með ferðatöskuna og kassann heim til Einars, sem tók að sér að geyma þetta fyrir Viðar. Við það tækifæri lét Viðar meðákærða Einar hafa buxur, peysu o. fl.

Einar kvað Viðar hafa gefið sér 3 töflur af amfetamíni við heimsókn hins síðarnefnda á gamlársdag. Sama dag kom hann með skjalatösku heim til Einars, og var í henni þýfi úr apótekinu. Tók Einar hana til geymslu, en áður hafði Viðar læst henni og tekið með sér lykilinn. Síðar lánaði hann Einari skjalatöskuna, sem hann notaði sem skólatösku. Þegar það var, hafði saxast allmikið á lyfin, sem í töskunni voru, og hefði Viðar tekið það, sem eftir var, að undanskildu morfíni, sem hann lét Einar hafa og bað hann um að geyma. Ekki neytti Einar þess á neinn hátt, og ekki vissi hann um, hvort Viðar gerði það. Viðar hefði hins vegar gefið honum eitt glas af pillum, sem hann sagði, að væru róandi, og kvaðst Einar hafa tekið inn nokkrar af þeim.

Með þessari framanlýstu háttsemi sinni, sem er rétt lýst í ákæru, hefur ákærði Einar gerst brotlegur við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Samkvæmt sakavottorðum hafa ákærðu sætt eftirtöldum kær-um og refsingum:

Ákærði Viðar:

- 1965 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. lög nr. 20/1956. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 9. sept. 1965.
- 1966 33/1 í Reykjavík: Sátt: 300 kr. sekt fyrir brot á 4. gr. umferðarlaga.
- 1966 5/8 í Reykjavík: Dómur: Varðhald 10 daga fyrir brot á 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur rétti til að öðlast ökuleyfi í 1 ár.
- 1969 24/6 í Kópavogi: 6 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot gegn 244. gr., 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga, sbr. 1. gr. laga nr. 20/1956. Greiði skaðabætur in solidum með öðrum, kr. 20.950.
- 1969 16/7 í Reykjavík: Sátt: 10.000 kr. sekt fyrir brot gegn 259. gr. hegningarlaga.
- 1970 16/1 í Reykjavík: Dómur: 15 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155., 244. og 259. gr. hegningarlaga. (dómur 24/6 1969 dæmdur með).
- 1970 12/2 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1971 4/5 í Reykjavík: Dómur: 6 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 248. gr. og 155. gr. hegningarlaga.
- 1974 4/4 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1974 4/10 í Reykjavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 25. gr. og 27. gr. umferðarlaga. Sviptur rétti til ökuleyfis í 1 ár.
- 1977 18/5 í Keflavík: Dómur: 2 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1978 14/2 í Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.

Ákærði Einar:

- 1973 í Keflavík: Uppvís að broti gegn 1. mgr. 259. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 2/5 1973.

1973 19/1 í Keflavík: Dómur: 12 daga varðhald fyrir brot gegn 25. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur ökuleyfi í 14 mánuði frá 19/6 1973.

Með tilvísun til 71., 72., 77. og 78. gr. alm. hegningarlaga þykir refsing ákærða Viðars hæfilega ákveðin fangelsi í 15 mánuði. Refsing ákærða Einars þykir hæfilega ákveðin fangelsi í einn mánuð, en fresta skal fullnustu refsingar hans og hún niður falla að tveim árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi hann almennt skilorð 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Aðalstöðin h/f og Verslunin Evubær hafa sett fram skaðabóta-kröfur á hendur ákærðu í málinu. Er krafa Aðalstöðvarinnar samtals kr. 307.186, sem er annars vegar krafa fyrir varnig, kr. 291.350, og hins vegar vegna viðgerðarkostnaðar á húsnæði, kr. 5.836 (svo). Ákærði Viðar hefur samþykkt kröfu þessa, en ákærði Einar mótmælt henni. Þykir rétt að taka hana til greina að frádregnum kr. 15.168, sem er andvirði fjögurra para af gúmmivettungum, er komu í leitirnar síðar og var skilað, og andvirði tveggja vindlakassa og tveggja konfektkassa, en ekki er viðurkennt í málinu, að ákærði Viðar hafi stolið kössum þessum. Samkvæmt þessu skulu ákærðu vera dæmdir til að greiða Aðalstöðinni h/f óskipt kr. 276.182, en auk þess skal ákærði Viðar einn greiða kr. 15.836, þ. e. viðgerðarkostnaðinn.

Krafa Evubæjar er samtals að upphæð kr. 450.000 og er sundurliðuð þannig:

A. Stólnir peningar	kr. 50.000
B. Horfnar vörur:	
1. 14 stk. buxur á 7.750	kr. 108.500
2. 13 stk. buxur á 7.900	— 102.700 — 211.200
C. Ónýtum vörum skilað	— 135.340
D. Krafa vegna fyrirhafnar, óþæginda o. fl.	— 53.460

Í kröfugerð þessari er krafist bóta fyrir fleira en ákærði Viðar hefur viðurkennt að hafa stolið, en auk þess fór mat á vörum þeim, sem skilað var, ekki fram. Þykir krafan því eigi nægilega skýr, til þess að unnt sé að leggja dóm á hana í opinberu máli, og ber því að vísa henni frá dómi.

Samkvæmt framangreindum úrslitum og með tilvísun til 1. mgr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974 skal

ákærði Viðar greiða málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 75.000, en annan sakarkostnað skulu ákærðu greiða óskipt.

Dómsorð:

Ákærði Viðar Björnsson sæti fangelsi í 15 mánuði.

Ákærði Einar Júlíusson sæti fangelsi í 1 mánuð, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og hún niður falla að 2 árum liðnum frá uppkvaðningu dómsins, haldi ákærði almennt skil-orð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 4. gr. laga nr. 22/1955.

Ákærðu greiði Aðalstöðinni h/f kr. 276.182 óskipt, en ákærði Viðar einn kr. 15.836.

Ákærði Viðar greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, kr. 75.000, en annan sakarkostnað greiði ákærðu óskipt.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 23. september 1980.

Nr. 36/1980. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Guðmundi Jóhannesi Kristjánssyni
(Páll S. Pálsson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.
Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson, Magnús P. Torfason og Þór Vilhjálmsson.

Svo sem greinir í hinum áfrýjaða dómi, viðurkennir ákærði að hafa neytt nokkurs áfengis um 3 klukkustundum áður en hann hóf akstur laugardaginn 27. ágúst 1977. Samkvæmt framburðum vitna, sem getur í héraðsdómi, var hann